

PERMABOND A126

Permabond A126 er lím og þéttiefni fyrir loftfirrðar aðstæður, ætlað til varanlegrar límingar skrufaðra samsetninga málmhluta eða þar sem lítil rýmd er milli límflata. Efnið flýtur afar vel og má einnig nota til límingar að lokinni samsetningu. Þéttir gleyp yfirborð í suðum og steiptum málmhlutum.

Límið þolir hitun (150°C) í skamman tíma, sé álag á límflati hóflegt, og kælingu allt niður í -55°C.

Notið ekki í snertingu við gufu, öfluga oxara og skautuð leysiefni. Polir þvott með leysiefnum.

Geymsluhitastig: 5° til 25°C.

Notkunarleiðbeiningar

- 1) Bestur árangur næst ef límflétir eru fituhreinsaðir og þurrir. Aseton eða ísóprópanól henta vel til hreinsunar. Mælt er með léttri slípun límflata.
- 2) Berið samfellda límrönd á innri flöt, eða látið fljóta inn á milli límflata.
- 3) Þrýstið flötum saman með snúningshreyfingum fram og aftur.
- 4) Gætið þess að límið komist ekki inn í legur eða í snertingu við hreyfanlega vélhluta.
- 5) Límda hluti má handleika eftir 15 mín.
- 6) Límið nær fullum styrk á sólarhring. Því má hraða með upphitun, eða Permabond Activator A905/ASC10. Þetta á sérstaklega við um málmyfirborð með oxíðhúð, svo sem sink, ál eða ryðfrítt stál.

Einföld líming:

- 1) Berið samfellda límrönd á innri flöt. Þrýstið flötum saman með snúningshreyfingum fram og aftur. Einnig má láta límið fljóta inn milli límflata eftir samsetningu.
- 2) Við stærri vélhluta er heppilegra að nota lím með álagstengt flæði til að hindra myndun tauma.
- 3) Gætið þess að límið komist ekki inn í legur eða í snertingu við hreyfanlega vélhluta.

Gengjulíming:

- 1) Vegna flæðieiginleika límsins, er unnt að bera það á eftir samsetningu (t.d. á bolta og rær eftir herslu)
- 2) Látið límið drjúpa þar sem bolti og ró mætast. Á lokuð boltagöt skal láta nokkra dropa flæða til botns niður innri gengjuna.

Þétting á gleypum suðum:

- 1) Hreinsið suðuyfirborð. Fjarlægja skal óhreinindi, ryð, gjallhúð, og málningu þannig að sjáist í hreinan málminn.
- 2) Látið allan raka þorna og A126 síðan flæða inn í holur á yfirborði.
- 3) Hitið svæðið upp í 50°C eða meir. Hitinn sér til þess að allar rakaleifar gufa upp. Ekki ætti að hita séu aðrar efnavörur til staðar, nema að undangenginni athugun á blossamarki, eldfimi og hitastöðugleika viðkomandi efna.
- 4) Berið A126 á heitt suðuyfirborðið með pensli, svampi eða hreinum klút. Vætið allt yfirborðið vandlega þannig að efnið nái að flæða inn í og loka öllum götum.
- 5) Sé yfirborð mjög gleyp, eða ef mikið er um nálargöt á fletinum, gæti þurft að bera nokkrar umferðir af A126 á flötinn, til að tryggja varanlega þéttingu.
- 6) Límið harðnar nægilega mikið á 5-10 mínútum til notkunar við lágan þrýsting. Innan klukkustundar allt að 15-35 bar, t.d. í sjálfvirkum brunaúðakerfum.
- 7) Þurrkið af leifar á yfirborði eftir klukkustund.

Merking



VARÚÐ: Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð. Veldur alvarlegri augnertingu. **BERIST EFNID Í AUGU:** Skolið varlega með vatni í nokkrar mínútur. Fjarlægið snertilinsur ef það er auðvelt. Skolið áfram. **BERIST EFNID Á HÚÐ:** Þvoið með miklu vatni og sápu. Notið hlífðarhanska/hlífðarfatnað/aughlífur/andlitshlífur.

GEYMIST ÞAR SEM BÖRN NÁ EKKI TIL.

50 ml

Dreifing:

Landvélar ehf
Smiðjuvegi 66d
200 Kópavogi
Sími: 580 5800
www.landvelar.is